



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Ráðhús Reykjavíkur
borgarráð
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2018
VEL2018110020

Málsnr.: 218110148⁰
Skjalasafn Ráðhúss
13. des. 2018
Bréfalykill: 1531

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvers vegna ekki sé heimilt að taka mat í eigin ílát í mótuneytum borgarinnar - R18110148.

Á fundi borgarráðs þann 15. nóvember var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Eldri borgurum sem sækja sér mat í mótuneyti borgarinnar er gert skylt að kaupa einnota umbúðir undir mat sem þeir taka með sér heim. Þetta hugnast mörgum illa og óska eftir að koma með eigin matarílát. Þegar Flokkur fólksins spurði út í þetta í einu af mótuneytum eldri borgara hjá Reykjavíkurborg, var svarið „að þetta væri gert til að koma í veg fyrir svo nefnt „krosssmit“. Óskað er eftir að fá upplýsingar um hvað rök séu fyrir þessum reglum þegar starfsmaður mótuneytis skammtar í matarílátin?“


Svar:

Framleiðslueldhús velferðarsviðs á Vitatorgi framleiðir máltíðir sem annað hvort eru sendar heim til þeirra sem ekki geta eldað sjálfir eða sendar út til 15 móttökueldhúsa. Þar er matnum skammtað á diska af starfsmönnum eldhúsanna. Grundvallaratriðið í þjónustunni hjá framleiðslueldhúsinu og móttökueldhúsunum er að framleiða og bera fram holl og heilnæm matvæli fyrir eldri borgara. Eldri borgarar eru viðkvæmur neytendahópur með viðkvæmt ónæmiskerfi og þarf því að gæta sérstaklega að því hvernig matvælaöryggi er tryggt.

Framleiðslueldhúsið við Vitatorg er skilgreint í hæsta mögulega áhættuflokki og þarf að haga innra eftirliti sínu samkvæmt því. Eitt af því sem þarf að fyrirbyggja er að hugsanleg krossmengun geti orðið og óæskilegar og sjúkdómsvaldandi bakteríur þar með borist inn í eldhúsin. Þegar komið er með ílát á staðinn að heiman hafa starfsmenn eldhúsa ekki möguleika á að vita hvernig þrifum á þeim er háttað. Ílát sem koma utan að mega til dæmis ekki fara inn fyrir afgreiðsluborð vegna hugsanlegrar hættu á krossmengun. Sem dæmi má nefna hina bráðsmitandi nóróveiru, en mjög lítið þarf af henni til að smita. Ef aðili, sem ekki er búinn að jafna sig eftir slíka sýkingu, kemur með ílát er engin leið að tryggja að þrifin á ílátinu séu full-nægjandi. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum eru einnig strangar reglur um meðferð íláta sem starfsmenn koma með í mótuneytið, en einungis starfsmönnum spítalans er heimilt að koma með slík ílát. Sérstakar reglur gilda um staðsetningu ílátanna sem skammtað er í, starfsmaður sem skammtar matinn má ekki koma við ílátið og áhöldin mega ekki koma við ílátið o.s.frv. Markmiðum um umhverfissjónarmið væri því betur þjónað með því að taka inn umhverfisvænni umbúðir í mótuneytunum. Þá væri hægt að bjóða þeim sem koma í móttökueldhús og óska eftir að taka með sér máltíðina heim upp á að kaupa umhverfisvænar umbúðir á staðnum sem hægt væri að skammta beint í, eins og á diska þeirra sem borða matinn á staðnum. Slíkur kostnaður gæti numið um 43 kr. fyrir þriggja hólfa

bakka, 47 kr. fyrir súpubox með loki og 9 kr. fyrir sósubox með loki. Þennan kostnað myndi kaupandi máltíðarinnar greiða.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Berglind Magnúsdóttir', written in a cursive style.

Berglind Magnúsdóttir
skrifstofustjóri